

Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Kjósarhreppi

Um félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir fer samkvæmt samningi Mosfellsbæjar og Kjósarhrepps þar um. Sveitarfélagið Mosfellsbær fer með verkefni félagsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum nr.38/2018.

I. kafli – Markmið og réttur til þjónustu

1. gr. Markmið

Markmiðið með akstursþjónustu fyrir eldri borgara með lögheimili í Kjósarhreppi er að gera þeim kleift að búa í heimahúsi sem lengst við eins eðlilegar aðstæður og auðið er, sbr. X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

2. gr. Réttur til þjónustu

Akstursþjónustan er ætluð íbúum sem eru 67 ára og eldri sem búa í heimahúsi og hafa ekki aðgang að eigin farartæki.

Akstursþjónusta er ekki veitt þegar um er að ræða tímabundna hreyfihömlun, svo sem vegna sjúkdóma eða slysa, t.d. beinbrota eða liðskiptaaðgerða. Heimilt er þó að veita akstursþjónustu, enda þótt um skemmri hreyfihömlun sé að ræða, hafi einstaklingur einungis lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, sé félagslega einangraður og sæki litla aðstoð af hálfu fjölskyldu sinnar.

Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 38/2018 um málefni fatlaðs fólks og notað ferðaþjónustu fram að þeim aldri á grundvelli reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks, á hann rétt á að halda þeirri þjónustu samkvæmt þeim reglum meðan þörf krefur.

Reglur þessar gilda ekki um þá sem dvelja á stofnun, svo sem hjúkrunarheimili, og þurfa að leita þjónustu utan stofnunar, t.d. sérfræðilæknishjálpar, rannsókna eða sjúkraþjálfunar, sbr. ákvæði 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 um að slíkum stofnunum beri að tryggja að þar sé veitt hjúkrunar- og læknisþjónusta, auk endurhæfingar.

Um akstur í dagdvöl fyrir aldraða fer samkvæmt 3 mgr., 13. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og reglugerð nr. 1245/2016 um dagvist aldraðra er kveður á um skyldur rekstraraðila til að annast og bera kostnað af flutningsþjónustu fyrir þá sem dagdvölin sækja, til og frá heimili sínu.

3. gr. Fjöldi ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki fram og til baka. Hámarksfjöldi ferða er 8 ferðir í mánuði. Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fleiri ferðir að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Læknismeðferð eða endurhæfing á sjúkrahúsi eða endurhæfingarstofnun í allt að þrjá mánuði á ári.

II. kafli – Framkvæmd

4. gr. Umsókn

Umsókn um akstursþjónustu skal berast velferðarsviði Mosfellsbæjar á skriflegu eða rafrænu formi sem nálgast má í Íbúagátt bæjarins. Í umsókn skal veita almennar upplýsingar um umsækjanda, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær verða farnar. Þá skal tilgreina hreyfihömlun umsækjanda og hvort hann hafi umráð yfir bifreið. Þegar sótt er um akstursþjónustu í fyrsta sinn skal leggja fram staðfestingu sérfræðings um þörf fyrir þjónustuna og fjölda ferða.

Umsókn er metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér aðra ferðamöguleika.

5. gr. Þjónustutími

Þjónustutími akstursþjónustu eldri borgara miðast við dagvinnutíma 8:00-16:00. Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

6. gr. Pantanir og afpantanir

Notendur skulu veita upplýsingar um fastar ferðir til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

Afpöntun reglubundinna ferða skal fara fram með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjóri.

7. gr. Tilhögun ferða

Miðað er við akstur að og frá anddyri. Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar á umsömdum tíma. Ekki er tryggt að bíll bíði sé notandi ekki tilbúinn. Biðtími notenda skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu nema um það hafi verið samið við skipulagningu þjónustunnar og bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur.

Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu, enda hafi ekki verið vitað fyrir fram hve langan tíma það tæki. Ekki er hægt að tryggja að biðtími í þeim tilvikum sé í samræmi við 1. mgr.

Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman, sé því komið við.

Þeir sem nýta akstursþjónustuna þurfa að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, svo sem vegna færðar eða umferðartafa á annatímum.

Framkvæmd akstursþjónustunnar er í höndum Kjósarhrepps.

Ábendingum og kvörtunum notenda vegna þjónustunnar skal beina til Kjósarhrepps.

8. gr. Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann.

9. gr. Gjald og þjónustusvæði

Um gjald fyrir akstursþjónustuna vísast til gjaldskrár Kjósarhrepps þar að lútandi.

10. gr. Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem vinna að akstursþjónustu eldri borgara skulu uppfylla ákvæði laga, reglugerða og leiðbeininga velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá 22 apríl 2020.

Ökumaður sem sinnir akstursþjónustu eldri borgara skal hafa til þess aukin ökuréttindi, hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð ökumönnum fólksflutningabíla. Hann skal einnig leggja fram sérstakt sakavottorð við umsókn sína um starf.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar akstursþjónustu eldri borgara sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

III. kafli – Málsmeðferð, málskotsréttur og gildistími

11. gr. Ákvörðun

Starfsmaður velferðarsviðs Mosfellsbæjar metur þjónustubörf umsækjanda. Hann skal kanna aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Öflun gagna og upplýsinga skal fara fram í samvinnu við umsækjanda eftir því sem unnt er.

Hlutaðeigandi starfsmaður leggur mat sitt fyrir trúnaðarmálafund velferðarsviðs sem starfar í umboði bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Trúnaðarmálafundur tekur ákvörðun um heimild til akstursþjónustu. Þeirri ákvörðun getur umsækjandi skotið til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar ef hann unir ekki niðurstöðunni.

12. gr. Tímabil samþykktar

Heimilt er að samþykkja akstursþjónustu til tveggja ára í senn.

13. gr. Hlutverk fjölskyldunefndar

Hlutverk fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar í málefnum Kjósarhrepps:

- Að fjalla um öll stefnumarkandi mál sem varða akstursþjónustu eldri borgara.
- Að fjalla um umsóknir ef um er að ræða undanþágu frá reglum þessum.
- Að fjalla um ákvarðanir trúnaðarmálafundar velferðarsviðs þegar umsækjendur skjóta þeim til nefndarinnar.

14. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum notenda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflega samþykki þess er í hlut á.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að því marki að ekki stangist á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn akstursþjónustu eldri borgara skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

15. gr. Niðurstaða, rökstuðningur synjunar og málskot til fjölskyldunefndar

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu trúnaðarmálafundar velferðarsviðs skriflega svo fljótt sem auðið er. Sé umsókn synjað í heild eða að hluta getur umsækjandi krafist rökstudds, skriflegs svars um forsendur þess. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að skjóta synjuninni til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar til endurskoðunar. Beiðni um endurskoðun skal leggja fram innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun trúnaðarmálafundar.

16. gr. Málskot til úrskurðarnefndar gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Um málsmeðferð fer skv. 1. mgr. 6. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Það felur meðal annars í sér að umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina, sbr. 5. gr. laga um úrskurðarnefnd velferðarmála nr. 85/2015.

Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

17. gr. Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi 4. febrúar 2026. Jafnframt falla úr gildi eldri reglur Kjósarhrepps um akstursþjónustu eldri borgara.

Samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps 4. febrúar 2026.